



Kæri frístundahúsaeygandi.

Við afhendum þetta bréf til að vekja athygli á nokkrum hlutum sem gætu skipt þig máli.

Inneignarkort á Gámastöðinni Seyðishólum

Þú hefur nú mótttekið inneignarkort fyrir þína fasteign sem við hvetjum þig til að setja á góðan stað og taka með þegar henda á úrgangi á Gámastöðinni Seyðishólum. Eitt kort er gefið út á hvert fasteignanúmer sem greiðir sorpeyðingargjald. Þó fasteign hafi fleiri en einn skráðan eiganda er ekki hægt að fá fleiri kort. Inneignarkortið er hugsað sem framtíðareign fyrir hverja fasteign og verður inneignarstaðan uppfærð um hver áramót. Inneignir munu ekki færast milli ára. Kortið skal fylgja fasteign og afhendist nýjum eigendum við eigendaskipti.

Kortið virkar þannig að þegar komið er á gámasvæðið er inneignarkortið skannað og starfsmaður á gámasvæðinu tekur út af kortinu í samræmi við það magn af gjaldskyldum úrgangi sem verið er að losa sig við. Undir gjaldskyldan úrgang flokkast timbur, málað timbur og grófur úrgangur. Inneignarkortið þitt inniheldur 18 punkta sem jafngildir 4,5 rúmmetrum en hver punktur er 0,25 rúmmetrar. Starfsmaður á gámasvæði metur magn gjaldskylds úrgangs en miðað er við að 0,25 rúmmetrar sé ígildi eins svarts ruslapoka. Þegar inneignin klárast þá er innheimt samkvæmt gjaldskrá en gjald pr. rúmmetra er kr. 6.000,-. Glatist inneignarkort getur fasteignaeigandi nálgast nýtt kort á skrifstofu sveitarfélagsins gegn gjaldi kr. 5.000,-.

Flokkun og endurvinnsla

Vinsamlega athugið að heimilissorp skal flokkað í fjóra flokka í sveitarfélaginu þ.e. í lífrænan úrgang, plast, pappír og annan úrgang. Lífræni úrgangurinn má ekki vera í plastpokum heldur **skal hann vera í pokum úr pappír eða maíspokum sem jarðgerast með lífræna úrganginum.**

Við heimsókn á gámastöðina skal úrgangurinn vera flokkaður. Ef ekki er flokkað og erfitt að sjá hverju er verið að henda t.d. **ef rusl er í svörtum ruslapokum**, þá verður innheimt/tekið af inneignarkortinu fyrir öllum úrganginum. Hér meðfylgjandi er flokkunarblað þar sem nánar er farið yfir flokkana fjóra. Hægt er að óska eftir flokkunarleiðbeiningum á ensku með því að senda tölvupóst á gogg@gogg.is.

Á facebook síðunni: Gámastöðin Seyðishólum má finna ýmsa hagnýta og fróðlega punkta um flokkun.

Grenndarstöðvar í Grímsnes- og Grafningshreppi

Grenndarstöðvarnar í Grímsnes- og Grafningshreppi eru 9 talsins: Hjá Skátunum á Úlfjótuvatni – Til móts við bæinn Ásgarð – Við Hraunborgir – Við Vaðnesveg – Við Torfastaði – Við Seyðishóla – Við Kringlu – Fyrir ofan Nesjavelli rétt við gatnamótin að Nesjavallaleið – Á Borg. Meðfylgjandi er kort með staðsetningu á öllum grenndarstöðvunum.

Á hverri grenndarstöð er hægt að henda eftirtöldum flokkum gjaldfrjálst:

Plasti - pappa - málmum - gleri - lífrænum úrgangi - almennu heimilissorpi – skilaskyldum umbúðum. Annað skal fara með á gámastöðina Seyðishólum.

Grenndarstöðvarnar eru opnar allan sólarhringinn, alla daga ársins. Starfsmaður á vegum sveitarfélagsins fer um grenndarstöðvarnar í hverri viku en við yrðum mjög þakklát ef þið mynduð láta okkur vita ef gámarnir eru á einhverjum tímapunkti fullir. Þá er hægt að hringja á skrifstofuna í síma 480-5500.

Fráveitumál

Rotþrær í Grímsnes- og Grafningshreppi eru hreinsaðar á 3ja ára fresti. Hreinsanir eru gerðar skv. kröfum Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Umhverfisstofnunar.

Vinsamlega athugið:

- Rotþrær verða að vera aðgengilegar fyrir hreinsunaraðila, ef það er mikill gróður þá er gott að merkja staðsetninguna með stöng eða flaggi. Þannig getur hreinsunaraðili gengið til verks þó að enginn sé heima við.
- Gæta þarf þess að hreinsunaraðili komi ekki að læstu hliði.
- Gæta þarf þess að fjarlægð frá bíl að rotþró sé ekki lengri en 60 metrar.
- Hvorki er hægt að segja til um hvenær hreinsunaraðili tæmir né óska eftir ákveðnum hreinsunartíma.

Árið 2022 verða allar rotþrær í Norðurkotslandi, við Þingvallaveg og í Grafningi hreinsaðar. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu sveitarfélagsins: www.gogg.is.

Álagning árið 2022

Álagning fasteignaskatts er gerð samkvæmt II. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum. Skattprósenta fasteignaskatts A árið 2022 verður 0,470% af fasteignamati eigna. Eignir í fasteignaskattflokk A eru íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, öll hlunnindi og frístundahúsnæði ásamt lóðarréttindum.

Líkt og í fyrra þá verður veittur 5% staðgreiðsluafsláttur af fasteignaskatti til fasteignaeigenda sem staðgreiða álagninguna fyrir 5. mars 2022. Vinsamlega sendið tölvupóst á gogg@gogg.is ef þið viljið nýta ykkur þennan afslátt.

Útskýringar á álagningarseðli

Á álagningarseðli má finna ýmis gjöld sem geta samanstæðið af eftirfarandi liðum:

- Fasteignaskatti
- Lóðarleigu
- Seyruhreinsunargjaldi
- Vatnsgjaldi
- Sorphirðugjaldi
- Sorpeyðingargjaldi

Það er misjafnt hvaða gjöld fasteignaeigendur greiða sem tengjast fasteigninni þeirra og fer það alfarið eftir þjónustunni sem þeir kaupa af sveitarfélaginu hvaða liðir eru á álagningarseðli.

- Fasteignaskattur er skattur sem lagður er á fasteignir í samræmi við lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 og tekur álagningarhlutfall fasteignaskatts mið af nýtingu húsnæðisins. Sé fasteign nýtt til ferðaþjónustu ber að skattleggja eign með fasteignum sem falla undir c-lið 3. mgr. 3. gr. laga nr. 4/1995. Þetta er skattur ekki þjónustugjald.
- Skatturinn er meðal annars notaður til að greiða til Brunavarna Árnessýslu og Almannavarna, skatturinn fer einnig í sameiginleg verkefni sveitarfélaga s.s. söfn, Umhverfis- og tæknisvið þar sem skipulags- og byggingarfulltrúar starfa og í samlag um seyru sem sveitarfélagið er í með Uppsveitunum, Flóahrepp og Ásahrepp þar sem seyran úr sveitarfélagunum er unnin sem áburður og nýtt við uppgræðslu í samvinnu

við Landgræðslu Ríkisins. Skatturinn fer einnig í það að halda úti skrifstofu sveitarfélagsins, sundlaug og íþróttamiðstöð.

- Vatnsgjald er þjónustugjald sem innheimt er af sveitarfélaginu fyrir kaldvatnsnotkun frá vatnsveitu sveitarfélagsins. Gjaldið á að standa undir rekstri veitnanna.
- Sorphirðugjald er þjónustugjald sem þeir sem eru með sorphlát greiða. Samanber grátunna/græntunna/blátunna/brúntunna.
- Sorpeyðingargjald er þjónustugjald sem allir fasteignaeigendur greiða og skal standa undir rekstri á gámum, gámastöð og almennri sorpeyðingu í sveitarfélaginu.
- Seyruhreinsunargjald er þjónustugjald sem er rukkað árlega en rotþrær í sveitarfélaginu eru hreinsaðar á þriggja ára fresti. Þetta gjald stendur undir hreinsun á rotþróm og holræsum á þriggja ára fresti.
- Hitaveita er svo innheimt sér og fær sá sem kaupir heitt vatn af sveitarfélaginu reikning ársfjórðungslega.

Skráning lögheimilis í frístundabyggð er ekki heimil

Vegna fjölda fyrirspurna vill sveitarstjórn árétta að ekki er heimilt að skrá lögheimili í frístundabyggð.

Samkvæmt 9. tl. 2. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og greina 1.3 og 6.2 skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 er kveðið skýrt á um það að frístundabyggð sé ekki ætluð til fastrar búsetu og að föst búseta sé óheimil í frístundabyggðum.

Eins segir í ákvæði 3. mgr. 2. gr. laga nr. 80/2018 um lögheimili og aðsetur að lögheimili skuli skráð í tiltekinni íbúð eða eftir atvikum húsi, við tiltekna götu eða í dreifbýli, sem er skráð sem íbúðarhúsnæði í fasteignaskrár Þjóðskrár Íslands og hefur staðfang.

Samkvæmt framangreindu er skráning lögheimilis einstaklinga í frístundabyggð ekki heimil.

Öryggisnúmer á frístundahús

Landssamband sumarhúsaeygenda hefur haft forgöngu um að koma á öryggismerkingum á öll sumarhús í landinu frá árinu 2002. Þetta verkefni er unnið í dag í samvinnu við Neyðarlínuna og Þjóðskrár Íslands. Tilgangur verkefnisins er að auka öryggi sumarhúsaeygenda. Algengt er að í neyðartilvikum fari björgunaraðilar villur vegna ónákvæmra upplýsinga um slysstað. Öryggisnúmer á sumarhús geta komið í veg fyrir að mikilvægur tími björgunarliðs fari til spillis í neyðartilvikum. Ennfremur geta þriðju aðilar með einföldum hætti látið vita ef vá steðjar að og látið Neyðarlínuna vita ef eigandi sumarhússins er ekki viðstaddur þannig hægt sé að hafa samband við eiganda sumarhússins. Allir sumarhúsaeygendur sem ákveða að fara inn í þetta öryggiskerfi munu fá tvö skilti til að merkja húsið, innan og að utan. Stærð skiltanna er 30 x 10 sentimetrar utanhúss og 15 x 5 sentimetrar innanhúss. Leiðbeiningar um uppsetningu mun fylgja skiltunum.

Pöntunarsími er 581-3200 en einnig er hægt að leggja inn pöntun á sveinn@sumarhus.is með upplýsingum um nafn, kennitölu og síma.

Hlið í frístundahúsaahverfum

Sveitarstjórn vill beina þeim tilmælum til frístundahúsaeygenda og félaga sem hafa hlið að sínum fasteignum að til að hægt sé að þjónusta viðkomandi fasteignir þurfa ákveðnir þjónustuaðilar á vegum sveitarfélagsins að hafa aðgang að hliðunum. Ef lykklahlið er til staðar er hægt að fá aðgang að lykklakerfi sveitarfélagsins og þá hafa þjónustuaðilar sveitarfélagsins

masters lykil eða ef símahlið er til staðar þarf að gefa ákveðnum númerum aðgang að símahliðinu. Hægt er að sjá nánar um þetta á www.gogg.is.

Ljósleiðari í frístundabyggð

Þeir frístundahúsaeygndur í Grímsnes- og Grafningshreppi sem hafa áhuga á að fá ljósleiðara í frístundahúsið sitt eru beðnir um að hafa samband við sumarhúsafélagið í sínu hverfi og láta formenn þess hafa samband við Milu í gegnum netfangið sala@mila.is.

Sumarhúsafélög

Sveitarstjórn vill vekja athygli á eftirfarandi í lögum nr. 75/2008 um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús.

17. gr. Félag í frístundabyggð.

Í frístundabyggð er umráðamönnum lóða undir frístundahús skylt að hafa með sér félagsskap um sameiginlega hagsmuni. Þó er ekki skylt að hafa slíkan félagsskap þegar:

1. umráðamenn lóða undir frístundahús eru fimm eða færri,
2. einn og sami aðilinn hefur umráð yfir helmingi lóða í frístundabyggðinni eða
3. engir eða afar takmarkaðir sameiginlegir hagsmunir eru í frístundabyggðinni.

Félagssvæði ræðst af jarðarmörkum. Heimilt er að sérstakir sameiginlegir hagsmunir eða önnur landfræðileg mörk afmarki umdæmi félags þannig að fleiri en eitt félag geti starfað á sömu jörð eða félagssvæði ná til fleiri en einnar jarðar.

Nú er félag í frístundabyggð stofnað fyrir gildistöku laga þessara og skulu samþykktir þess halda gildi sínu að því leyti sem þær samrýmast lögum þessum.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps er að skrá og safna upplýsingum um formenn og stjórnir frístundahúsafélaga í Grímsnes- og Grafningshreppi og værum við mjög þakklát fyrir ef við fengjum upplýsingar um nýja stjórn til að uppfæra lista hjá okkur.

Ástæðan er sú að við viljum koma á betra og skilvirkara upplýsingaflæði til frístundahúsaeygnda. Þetta hefur verið í vinnslu í talsverðan tíma en það sem ýtir undir það sérstaklega núna er sú aukna flokkun sem þarf að eiga sér stað í sveitarfélaginu og viljum við endilega vinna það á farsælan hátt með frístundahúsaeygndum.

Hvatarblaðið

Hvatarblaðið er blað sveitarfélagsins sem kemur út einu sinni í mánuði. Frítt er að auglýsa í blaðinu og þarf efni í blaðið að berast fyrir 28. hvers mánaðar á netfangið: gogg@gogg.is. Öll heimili í sveitarfélaginu fá sent Hvatarblaðið og er einnig hægt að nálgast blaðið á heimasíðu sveitarfélagsins. Við viljum einnig benda ykkur á heimasíðuna okkar: www.gogg.is og facebooksíðu sveitarfélagsins <https://www.facebook.com/grimsnesoggrafningshreppur> en þangað setjum við inn ýmsar upplýsingar og tilkynningar.

Virðingarfyllst,

f.h. sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps



ODDVITI
GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPS
Ása Valdís Árnadóttir
Ása Valdís Árnadóttir, oddviti



Gámastöð



Grenndarstöðvar



Grímsnes- og Grafningshreppur

1870

1870

1870


1870

GRENNÐARSTÖÐVAR Í GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPI



Á grenndarstöðvum í sveitarfélaginu er hægt að skila eftirtöldum úrgangsflokkum í endurvinnslu:

Gler Glass



Best er að safna gleri á hverju heimili og fara svo með á grenndarstöðina sem er næst þér.

Málmur Metal



Best er að safna málmum á hverju heimili og fara svo með á grenndarstöðina sem er næst þér.

Hvað flokkast sem málmur?

Málmlát undan matvöru	Metal cans e.g. soup cans
Málmlok af krukkum	Metal jar lids
Úðabrusar	Aerosol spray/dispenser

Lífrænt Organic



Hvað má fara í tunnuna?


Ávextir og ávaxtahýði	Fruits and peel
Grænmeti og grænmetishýði	Vegetables and peel
Egg og eggjaskurn	Eggs and eggshells
Eldaðir kjöt- og fiskafgangar	Cooked meat and fish leftovers
Mjöl	Grain
Hrísgrjón og pasta	Rice and pasta
Brauð og kökur	Bread and cookies
Kaffikorgur, kaffipokar og tepokar	Coffee grounds and bags and tea bags
Notuð eldhúsbref	Used kitchen rolls
Afskorin blóm og plöntur	Cut flowers and plants

Dósir og flöskur Bottles and cans



Skilagjaldsskyldar umbúðir
Deposit beverage containers.

Pappír Paper



Hvað má fara í gáminn?

Dagblöð og tímarit	Newspapers and magazines
Umslög og gluggaumslög	Envelopes with or without windows
Skrifstofupappír	Office papers
Bæklingar	Brochures
Hreinar mjólkurfurnur	Clean milk container
Bylgjupappi	Corrugated cardboard
Gjafapappír	Gift wrapping paper
Eggjabakkar	Eggtrays
Sléttur pappír s.s. morgunkornspakkar	Non corrugated cardboard e.g. cereal boxes, tissue boxes

Plast Plastics



Hvað má fara í gáminn?

Plastpokar	Plastic bags
Plastbrúsur s.s. hreinsiefni	Detergent plastic emballage
Plastdósir s.s. skyr, ís, smurostur	Plastic cups e.g. yogurt cups, icecream containers, spreadable
Plastfilma glær og lituð	Plastic wrappings, clear and coloured
Plastumbúðir s.s. utan af kexi og sælgæti	Plastic wrappings e.g. wrappings from candies and crackers
Plastbakkar	Plastic trays
Plastflöskur s.s. sjámpó og sósur	Plastic containers e.g. bottles for shampoo and sauce
Frauðplastumbúðir	Styrofoam containers
Pokar utan af snakkí	Snack bags

Rusl Waste



Hvað má fara í gáminn?

Litaðar servíettur	Stained napkins
Límmiðar	Stickers
Einnota hanskar	Disposable gloves
Gúmmihanskar	Rubber gloves
Pennar	Pens
Kveikjarar	Lighters
Tyggjó	Chewing gum
Geisladiskar	Compact discs
Bleyjur	Diapers

Grenndarstöðvar eru við Vaðnesveg, Ásgarð, Úlfjótavatn, Hraunborgir, Torfastaði, Krínglu, Borg, Nesjavelli og Seyðishóla.

Gámastöð er við Seyðishóla. Sjá opnunartíma á www.gogg.is.

1870

1870

[Faint, illegible text, possibly bleed-through from the reverse side of the page]

1870



Grímsnes- og Grafningshreppur

Sumaropnun

Sumaropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. júní til 31. ágúst

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-16	Lokað	13-16	13-16	10-16	Lokað

Vetraropnun

Vetraropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. september til 30. apríl

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-15	Lokað	13-15	Lokað	13-16	Lokað

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.

**Lokað er á gámastöðinni eftirtalda daga: Nýársdag – Föstudaginn langa –
Páskadag – Frídag verkamanna 1. maí – Hvítasunnudag – 17. Júní –
Þorláksmessu – Aðfangadag jóla – Jóladaðag – Annan í jólum og Gamlársdag.**

**OPIÐ ER FYRIR LOSUN HEIMILISSORPS
ALLAN SÓLARHRINGINN**

Nánari flokkun á Gámastöðinni Seyðishólum



Talið er að
á Vesturlöndum
hendi hver einstaklingur
nýtanlegum mat að virði um
60.000 króna á ári. Í fjögurra
manna fjölskyldu gerir það 240.000
krónur á ári. Hver vill ekki nýta
þessar krónur í aðra hluti en
til metanframleiðslu á
urðunarstöðum?

Á Íslandi
er magn
umbúðaplastúrgangs
um 40 kg á hvern íbúa
á hverju ári eða alls á
Íslandi um 13.000
tonn á ári.

Pappír er
mjög hentugur til
endurvinnslu en hann
er hægt að endurvinna
fjórðum til sjö sinnum án
þess að hann tapi
gæðum.

Hver
landsmaður
losar sig við 660 kg af
heimilisúrgangi á ári. Í
fjögurra manna fjölskyldu
gerir það 2,6 tonn af
úrgangi á ári.